



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 20. ágúst 2019.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL).

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Rafíþróttir

Kynning á rafíþróttum og samstarfi við Aftureldingu. Alexander Kárason og Ólafur Hrafn Steinarsson frá Rafíþróttasambandi Íslands.

Hugmyndafræði rafíþróttu og kennsluaðferðir kynntar. Hafnar viðræður við Mosfellsbæ um aðstöðu. Mögulega í Varmárskóla, Bólinu en að öðrum stöðum. Fylkir, FH og KR komin af stað og í viðræðum við Reykjavíkurborg um aðstöðu. Hugmynd um aðstöðu í stúkuni í sal3.

ÍsÍ er með starfshóp starfandi til að skoða þessi mál. Ákveðið að skoða þessi mál frekar og afla upplýsinga.

2. Í Túninu heima

Hanna Björk kynnti bækling og plan fyrir kynningar Aftureldingar í kringum Túnið heima. Allt í farvegi og á áætlun.

3. Kynning frá Sideline

Guðbrandur Ágústsson frá Sideline kynnti hugbúnaðinn fyrir aðalstjórn. Sideline Sports er með fjölmarga viðskiptavinum um allan heim. Ný lausn við hugbúnaðinn sem tengir inn þjálfara við iðkendur og forráðamenn. Einföld lausn sem gefur þjálfurum mikil tækifæri. Verður áfram í mikilli þróun í samstarfi við íþróttafélögin. Bjóða Aftureldingu pakka fyrir allt félagið á 650 þús. + vsk.

Stutt umræða um hugbúnaðinn og ákveðið að kynna hann fyrir formönnum félagsins.

4. Önnur mál

Nokkur önnur mál stuttlega.

Fundi slitið kl. 19.45

Jón Júlíus Karlsson ritaði fundargerð.